

16. maí 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti
Reykjavík

Vísað er til óskar efnahags- og viðskiptanefndar um umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, þingmál 763.

Meginefni frumvarpsins er að fella með varanlegum hætti inn í löginn þær breytingar sem gerðar voru til bráðabirgða á árinu 2011. Jafnframt er gerð breyting á iðgjaldi til sjóðsins og skilgreiningu á hvað telst innstæða. Þetta er gert með því að ákvæði sem áður var í 13. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða er fært og sett inn sem 3. mgr. 9. gr. laganna. Við þennan flutning er gerð orðalagsbreyting á skilgreiningu á innstæðu sem sagt er í skýringu við 5. gr. frumvarpsins að sé „nokkuð frábrugðin þeirri skilgreiningu á innstæðu sem nú er að finna í bráðabirgðaákvæði II í lögnum“. Engar frekari skýringar er að finna á efni þessarar breytingar í frumvarpinu.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum:

- 1) Samkomulag varð milli efnahags- og viðskiptaráðuneytis og Samtaka fjármálafyrirtækja í tengslum við afgreiðslu fjársýsluskatts og hátekjuskatts á fjármálafyrirtæki á þingi fyrir áramót um að grunniðgjald á árinu 2012 yrði lækkað í 0,2% og hámark áhættuvegens iðgjalds samsvarandi. Þetta samkomulag var kynnt formanni efnahags- og viðskiptanefndar sem lýsti sig fylgjandi því að beita sér fyrir slíkri lækkun.
- 2) Skilgreining á innstæðu, sem nú er eins og áður segir í 13. mgr. bráðabirgðaákvæðis II, flytjist óbreytt í 3. mgr. 9. greinar laganna. Engin ástæða er til að gera breytingar á þessari skilgreiningu sem framkvæmd hefur verið undanfarin misseri í góðu samstarfi innlánsstofnana og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

2. tl. 5. gr. frumvarpsins (brt. á 9. gr. laganna) orðist því svo:

„3. mgr. orðast svo: Með innstæðu er átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og

hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, heildsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.“

3. tl. 5. gr. frumvarpsins (brt. á 9. gr. laganna) orðist því svo:

„6. mgr. orðast svo:

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

- 1. innstæður í eigu fjármálafyrirtækja,*
- 2. innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningabætti,*
- 3. innstæður fyrirtækis þar sem fjármálafyrirtæki er meirihlutaeigandi,*
- 4. innstæður ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja að meiri hluta í eigu opinberra aðila,*
- 5. innstæður rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði,*
- 6. innstæður félaga í sömu samsteypu og þau sem falla undir 1. tölul.,*
- 7. innstæður sem eru ekki skráðar á nafn,*
- 8. innstæður lífeyrissjóða aðrar en hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun.“*

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF